



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 28. Nóvember 2011.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. máí.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, fagnar þeim hug sem liggur að baki tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta.

Það er mjög mikilvægt við hönnun allra mannvirkja að hugað sé að aðgengi fyrir alla í samræmi við hugmyndafræði um altæka hönnun. Því miður er mjög algengt að fram hjá þessu sé horft og fyrir vikið verða oft almenningsstaðir óaðgengilegir þeim sem búa við fatlanir, hvort sem um er að ræða skynfatlanir eða hreyfihamlarnir.

Ein af meginreglum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallar um samfélag án aðgreiningar. Í sáttmálanum er lögð mikil áhersla á að tryggja aðgengi til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í mannlífinu á öllum sviðum. Tryggja þarf fötludu fólki jafnan aðgang á við aðra, að hinu efnislega umhverfi, samgöngum, upplýsingum, samskiptum og annarri aðstöðu og þjónustu sem er opin almenningi. Í þessu felst að stjórnvöld þurfa bæði að koma auga á og ryðja úr vegi hindrunum sem hefta þetta aðgengi, hvort sem það er að byggingum, farartækjum eða aðstöðu innan dyra á borð við skóla, íbúðarhúsnæði, heilbrigðisþjónustu, menningarstofnunum og vinnustöðum. Sömuleiðis þarf að fjarlægja hindranir varðandi upplýsinga- og samskiptaþjónustu.

Það er ljóst að það mun þurfa Grettistak til að tryggja jafnt aðgengi allra að íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að forgangsraða og nýta takmörkuð verðmæti á sem markvissastan hátt í þessum málaflokki sem og öðrum.

Blindrafélagið leggur áherslu á að meginverkefnið hljóti að vera að bæta aðgengi blindra og skynfatlaða einstaklinga að starfandi söfnum. Mörg slík söfn eru á landsbyggðinni og það væri mun líkleggra til að virka sem aðráttarafi fyrir blinda og aðra skynfatlaða ferðamenn, ef kynnt væri að öll söfn og almenningsstaðir væru aðgengilegir blindum, t.d. með sjóntúlkunum.

Blindrafélagið vili lýsa yfir stuðningi við tillögu þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, sem er í umsögn miðstöðvarinnar um þetta mál. Tillagan felur í sér að stofnuð verði nefnd um aðgengi fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem hefði leiðbeinandi hlutverk varðandi aðgengi í almenningsgörðum, á söfnum og á listviðburðum hvers konar. Nefndin gæti skoðað aðgengi, verið ráðgefandi og tilnefnt einstaklinga með sérþekkingu til aðstoðar við uppsetningu listverka, val á verkum og aðgengismál hvers konar.

Virðingarfyllst,

Kristinn Halldór Einarsson
Formaður Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

Alþingi
Erindi nr. P 140/871
komudagur 5.1.2012



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ


Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduncyti.is

Reykjavík 4. janúar 2012
Tilv.: VEL12010033/00.04.05

Velferðarráðuneytið vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 3. janúar 2012, þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. mál. Ráðuneytið veitir ekki umsögn um tillöguna á þessu stigi en velferðarráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra


Bolli Þór Bollason


Margrét Sigurðardóttir



Alþingi
Erindi nr. P 140/498
komudagur 29.11.2011

Alþingi
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011

Tilvísun: 2011110022/00.03

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. mál.

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað hefur verið eftir umsögn Þjóðminjasafn Íslands umtillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. mál.

Þjóðminjasafn Íslands leggur ríka áherslu á gott aðgengi fyrir alla að söfnum í landinu eins og fram kemur í *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu*. Það er mat stofnunarinnar að móta verði hugmyndir sem þessar hjá þeirri sérfræðistofnun sem sér um málefni blindra og sjónskertra á Íslandi, Þjónustu- og þekkingarsmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda.

Það er mat Þjóðminjasafns Íslands að það kæmi blindum og sjónskertum sem öðrum betur að gera átak í því að bæta aðgengi fyrir alla að söfnum landsins, náttúrustofum, almenningsgördum, minjastöðum og náttúru landsins. Frá sjónarhorni safnastarfs væri það því fremur í anda markmiða um aðgengi fyrir alla að hugsa slíkt átak heildstætt fyrir landið allt, en að beina því að einu afmörkuðu verkefni.

Mælt er með því að veitt verði fjárveiting til þess að móta hugmyndir að bættu aðgengi fyrir alla, þar á meðal fyrir blinda og sjónskerta, að söfnum og minjastöðum um allt land. Mælt er gegn hugmynd að gerð lista- og náttúrugarðs.

Með vinsemd og virðingu


Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður

Alþingi
Erindi nr. P 140/434
komudagur 25.11.2011



Reykjavík 23. nóvember 2011

Tilv.: Tillaga til þingsályktunar, þingskjal 83 – 83. mál.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur borist tillaga til þingsályktunar, þingskjal 83, um lista- og náttúrugarð fyrir blinda, til umsagnar.

Miðstöðin fagnar því að lögð sé fram tillaga um lista- og náttúrugarð fyrir einstaklinga með fatlanir og að skilningur sé á því að öðruvísi uppsetning og hönnun garða sé nauðsynleg einstaklingum með skynhamlanir og því verði að gera ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi við gerð lista- og náttúrugarða.

Það er hins vegar álit Miðstöðvarinnar að heppilegra sé að tryggja jafnt aðgengi allra að hvers kyns görðum, listum og söfnum. Því sé ekki æskilegt að gera ráð fyrir sérúrræðum í listum, söfnum og görðum heldur gera alla slíka staði aðgengilega fyrir alla íbúa hvort sem þeir búa við einhverja fötlun eður ei.

Miðstöðin leggur því til að stofnuð verði nefnd um aðgengi fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem hefur leiðbeinandi hlutverk varðandi aðgengi í almenningsgörðum, á söfnum og á listviðburðum hvers konar. Nefndin getur skoðað aðgengi, verið ráðgefandi og tilnefnt einstaklinga með sérþekkingu til aðstoðar við uppsetningu listverka, val á verkum og aðgengismál hvers konar. Miðstöðin myndi með ánægju tilnefna einstakling fyrir sína hönd í slíka nefnd ef þess væri óskað.

Virðingarfyllst,

Huld Magnúsdóttir

Forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 140/539
komudagur 29.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. nóvember 2011.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blinda og aðra skynhefta, 83. mál.

Öryrkjabandalag Íslands telur tillögu um gerð lista- og náttúrugarðs fyrir blint fólk og fólk með skerðingar á skynjun mjög jákvæða og hvetur til frekari vinnu á þessu sviði.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni yrði slíkur garður nánast einsdæmi í heiminum og myndi hafa jákvæð áhrif á ímynd Íslands sem ferðamannalands. Skref yrði stigið til þess að gera Ísland að eftirsóknarverðum áningarstað fyrir fatlað fólk. Þarna opnast tækifæri fyrir íslenska hugvits- og listamenn að takast á við það krefjandi verkefni að höfða til mismunandi skilningarvita einstaklinga. Þegar almenningur hefur tækifæri á að upplifa náttúru og list með mismunandi skilningarvitum, getur jafnframt átt sér stað ákveðin vitundarvakning um það hvernig lífið er með skerta skynjun.

ÖBÍ vill benda á að hugtakið skynheftur er ekki þekkt hugtak. Þegar tekin eru upp ný eða óþekkt hugtök er mikilvægt að útskýra vel hvaða merking liggur þar að baki.

Það eru sjálfsögð mannréttindi fatlaðs fólks að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og má benda á 30. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í því samhengi. Lista- og náttúrugarður fyrir blinda og skynhefta yrði því jákvætt innlegg í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks. ÖBÍ leggur til að unnið verði með hagsmunasamtökum fatlaðs fólks varðandi frekari útfærslur á slíkum garði, ásamt þekkingarmiðstöðvum, svo sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Virðingarfyllt

Sigríður Hafðís Runólfsdóttir
ferlimálafulltrúi Öryrkjabandalags Íslands